



## *Ársreikningur 2016*

*Eftirlaunasjóður FÍA  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík*

*Kennitala: 650376-0809*

## EFNISYFIRLIT

---

Áritun óháðs endurskoðanda.....	2
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Yfirlit um sjóðstreymi.....	8
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu .....	9
Skýringar.....	10
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	26
Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs FÍA 2017 - Útdráttur.....	28
Stjórnarháttayfirlýsing Eftirlaunasjóðs Atvinnuflugmanna 2016.....	29

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunastjóði FÍA

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunastjóðs FÍA fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016, breytingu á handbæru fé á árinu 2016 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

## ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 26. apríl 2017

**PricewaterhouseCoopers ehf.**



Kristinn Kristinsson  
Löggiltur endurskoðandi

# SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

---

## **Meginstarfsemi sjóðsins**

Eftirlaunasjóður FÍA starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

## **Starfsemin á árinu**

Alls greiddu að meðaltali 642 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 1.597 milljónum kr. og hækkuðu um 21,1% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 789 milljónum kr. og hækkuðu um 5,2% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 196 á árinu og í árslok 2016 áttu 1.021 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknar til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 9,7 milljónum kr. á árinu 2016.

Árið 2016 var krefjandi ár fyrir EFÍA líkt og aðra lífeyrissjóði á Íslandi. Úrvalsvísitala hlutabréfa lækkaði um 9% á árinu 2016, heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) lækkaði um 8,3% mælt í íslenskum krónum en krónan styrktist um 16,6% á árinu. Íbúðabréf, sem eru helstu eignir sjóðsins í innlendum skuldabréfum, hækkuðu um 4,3%-4,7%. En styrking krónunnar og lækkun innlendra hlutabréfa leiddu til þess að raunávöxtun sjóðsins í heild var neikvæð. Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var -1,9% en var 14% árið 2015. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í innlánum, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2016. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins 47.810 milljónum kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 49.727 milljónum kr. eða 4,0% hærri fjárhæð en skuldbindingarnar samanborið við 8,2% heildareigna umfram skuldbindingar árið 2015.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

## **Nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða**

Við gerð ársreiknings nú er byggt á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í þessum nýju reglum er meginreglan sú að eignir skuli metnar á gangvirði. Á þessari reglu er byggt í ársreikningi og eru samanburðartölur frá fyrra ári lagfærðar til samræmis. Við breytingar á mati á skuldabréfaeign sjóðsins mv árslok 2015 hækkar virði téðra eigna um 950 milljónir króna. Sama hækkun verður á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris frá fyrra ári. Frekari upplýsingar um áhrif breytinganna er að finna í skýringu 1.2.

## **Hrein eign**

Hrein eign sjóðsins nam 31.584 milljónum kr. í árslok 2016 og hefur hækkað á árinu úr 30.713 milljónum kr. eða um 871 milljónir kr.

## **Fjárhagsleg áhættustjórnun**

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

## SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

---

### Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn EFÍA leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttalýsingu fyrir árið 2016 sem birt er í heild sinni í viðauka við ársreikning þennan.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunastjóðs FÍA staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2017


Í stjórn Eftirlaunastjóðs FÍA



Geirprúður Alfreðsdóttir



Sturla Ómarsson



Kristín Björg Eysteinsdóttir



Bogi Nils Bogason

Framkvæmdastjóri



Úlfar Henningsson



Snædís Ögn Flosadóttir

## YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Iðgjöld</b>	1.5;2		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		387.013	317.721
Iðgjöld launagreiðenda .....		1.198.737	988.644
		<u>1.585.750</u>	<u>1.306.365</u>
Sérstök aukaframlög .....	2.1	10.968	11.659
		<u>1.596.718</u>	<u>1.318.024</u>
<b>Lífeyrir</b>	1.6;3		
Heildarfjárhæð lífeyris .....	3.1	785.387	757.896
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....	3.2	9.938	10.047
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	3.3	0	61
Tryggingakostnaður .....	3.1	(5.880)	(17.241)
		<u>789.445</u>	<u>750.763</u>
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>	1.7;4		
Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	4.1-2	(755.042)	2.802.959
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	4.3	819.913	1.415.920
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé .....		78.101	122.294
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		5.611	3.831
Ýmsar fjárfestingartekjur .....		1.070	2.657
Fjárfestingargjöld .....	4.4-6	(46.118)	(41.325)
		<u>103.535</u>	<u>4.306.336</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	1.8;5	39.375	38.343
		<u>39.375</u>	<u>38.343</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....		871.433	4.835.254
Hrein eign frá fyrra ári .....		30.713.032	25.877.778
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>31.584.465</u>	<u>30.713.032</u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	1.9;6		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum .....	6.1	12.054.425	11.302.011
Skuldabréf .....	6.2	18.546.818	16.499.294
Aðrar fjárfestingar .....	6.3	42.500	0
		<u>30.643.743</u>	<u>27.801.305</u>
<b>Kröfur</b>	1.10		
Kröfur á launagreiðendur .....		165.706	135.995
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur .....		33.383	27.503
Aðrar kröfur .....		30.822	3.645
		<u>229.911</u>	<u>167.143</u>
<b>Ýmsar eignir</b>	1.11		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6.7	13.888	14.249
		<u>13.888</u>	<u>14.249</u>
<b>Handbært fé</b>			
Handbært fé .....	1.12	791.229	2.753.565
		<u>791.229</u>	<u>2.753.565</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>31.678.771</u>	<u>30.736.262</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>	1.13		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur .....		23.926	22.406
Aðrar skuldir .....		70.380	824
		<u>94.306</u>	<u>23.230</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>94.306</u>	<u>23.230</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>31.584.465</u>	<u>30.713.032</u>
<b>Skuldbindingar utan efnahags</b>	7.3		



## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Inngreiðslur</b>			
Löggjöld .....	2	1.593.768	1.305.728
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....		83.318	115.965
Aðrar inngreiðslur .....		12.480	16.230
		<u>1.689.566</u>	<u>1.437.923</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....	3	793.800	771.911
Rekstrarkostnaður .....	5	42.302	41.437
Aðrar útgreiðslur .....		57.896	44.745
		<u>893.998</u>	<u>858.093</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga .....		<u>795.568</u>	<u>579.830</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....		305.156	112.911
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....		(4.697.424)	(2.808.233)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....		2.885.593	2.778.477
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....		1.293.760	1.247.470
Keypt skuldabréf .....		(6.034.863)	(2.741.996)
Seld skuldabréf .....		3.516.329	1.050.425
Ný bundin innlán .....		0	1.681.561
Keyptar aðrar fjárfestingar .....		(21.250)	0
Seldar aðrar fjárfestingar .....		0	17.771
		<u>(2.752.699)</u>	<u>1.338.386</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		(1.957.131)	1.918.216
Gengismunur af handbæru fé .....		(5.205)	6.337
Handbært fé í upphafi árs .....		<u>2.753.565</u>	<u>829.012</u>
Handbært fé í lok árs .....		<u>791.229</u>	<u>2.753.565</u>

# YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR 31. DESEMBER 2016

## TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

	Skýr 7.1	31.12.2016		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir:</b>				
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		31.584.465	0	31.584.465
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa .....		(436.031)	0	(436.031)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa .....		(122.106)	0	(122.106)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar .....		(995.563)	0	(995.563)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....		(360.734)	(525.942)	(886.676)
Núvirði framtíðariðgjalda .....		0	20.582.414	20.582.414
<b>Eignir samtals .....</b>		<b>29.670.031</b>	<b>20.056.472</b>	<b>49.726.503</b>
<b>Skuldbindingar:</b>				
Ellilífeyrir .....		21.789.125	15.779.710	37.568.835
Örorkulífeyrir .....		1.255.221	1.455.774	2.710.995
Makalífeyrir .....		4.668.094	2.611.047	7.279.141
Barnalífeyrir .....		112.429	139.073	251.502
<b>Skuldbindingar samtals .....</b>		<b>27.824.869</b>	<b>19.985.604</b>	<b>47.810.473</b>
Eignir umfram skuldbindingar .....		1.845.162	70.868	1.916.030
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok .....		6,6%	0,4%	4,0%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun .....		15,3%	(2,4%)	8,2%
		31.12.2015		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir:</b>				
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		30.713.032	0	30.713.032
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa .....		(462.019)	0	(462.019)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa .....		(356.607)	0	(356.607)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar .....		(893.272)	0	(893.272)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....		(260.552)	(350.775)	(611.327)
Núvirði framtíðariðgjalda .....		0	16.753.433	16.753.433
<b>Eignir samtals .....</b>		<b>28.740.582</b>	<b>16.402.658</b>	<b>45.143.240</b>
<b>Skuldbindingar:</b>				
Ellilífeyrir .....		19.127.046	12.670.945	31.797.991
Örorkulífeyrir .....		1.174.309	1.163.447	2.337.756
Makalífeyrir .....		4.325.485	2.225.176	6.550.661
Barnalífeyrir .....		297.008	741.350	1.038.358
<b>Skuldbindingar samtals .....</b>		<b>24.923.848</b>	<b>16.800.918</b>	<b>41.724.766</b>
Eignir umfram skuldbindingar .....		3.816.734	(398.260)	3.418.474
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok .....		15,3%	(2,4%)	8,2%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun .....		3,5%	(2,5%)	1,2%

# SKÝRINGAR

## 1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem eru nokkuð breyttar frá síðasta ári, til samræmis við nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða sem komu til framkvæmda við gerð ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2015, en Eftirlaunasjóður FÍA nýtti sér heimild 52. gr. sömu reglna til að fresta upptöku þeirra til ársins 2016.

### 1.2 Breyting á reikningsskilaaðferðum

Við gerð ársreikningsins nú er byggt á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í þessum nýju reglum er meginreglan sú að eignir skuli metnar á gangvirði. Á þessari reglu er byggt í ársreikningi þessum og eru samanburðartölur frá fyrra ári lagfærðar til samræmis. Þetta hefur þau áhrif að við breytingar á mati á skuldabréfaeign sjóðsins mv. árslok 2015 hækkar virði téðra eigna um 950,5 milljónir króna. Sama hækkun verður á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris frá fyrra ári. Aðrar eignir sjóðsins voru áður metnar á gangvirði og breytast matsaðferðir á þeim eignum því ekki við þessa breytingu. Kennitölur hafa verið endurreiknaðar aftur í tímann mv. nýjar reikningsskilaaðferðir, eins og mögulegt er. Hér fyrir neðan má sjá hver hrein raunávöxtun sjóðsins var á hverju ári sl. fimm ár og hver breyting á hreinni eign og hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var á verðlagi hvers árs, annars vegar miðað við eldri aðferð og hins vegar miðað við nýja aðferð.

	2016	2015	2014	2013	2012
Hrein raunávöxtun m.v. eldri reglur.....	-1,3%	12,5%	5,3%	9,6%	5,4%
Hrein raunávöxun m.v. nýjar reglur.....	-1,9%	14,0%	4,4%	6,5%	4,8%
Breyting á hreinni eign m.v. eldri reglur.....	1.025.016	4.362.458	1.928.014	3.099.371	2.186.189
Breyting á hreinni eign m.v. nýjar reglur.....	871.433	4.835.256	1.747.421	2.578.643	2.172.202
Hrein eign til greiðslu lífeyris - eldri reglur.....	30.787.595	29.762.579	25.400.121	23.472.107	20.372.735
Hrein eign til greiðslu lífeyris - nýjar reglur.....	31.584.465	30.713.033	25.877.777	24.130.356	21.551.714

### 1.3 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

### 1.4 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

### 1.5 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok uppgjörsársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

### 1.6 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Auk þess fellur hér undir beinn kostnaður vegna örorkulífeyrisúrskurða og gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs.

### 1.7 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

## SKÝRINGAR

---

### 1.7 Hreinar fjárfestingartekjur, frh.

#### a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

#### b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 4.3 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtakekjur, verðbætur og lántökuþóknunir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

#### c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar þóknunir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

### 1.8 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, annar en þóknunir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem færður er meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

### 1.9 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

#### a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 6.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

#### b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

#### c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem metin eru á gangvirði og útlán. Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörsárs. Í skýringu nr. 6.5 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

#### d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánunum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

#### e) Fullnustueignir

Húseignir og lóðir sem tekin eru til fullnustu greiðslu eru færðar á gangvirði þeirra eða kostnaðarverði, hvoru sem lægra reynist.

### 1.10 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

## SKÝRINGAR

---

### 1.11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Varanlegir rekstrarfjármunir samanstanda af fasteign að Hlíðarsmára 8 og er hún afskrifuð um 2% á ári.

### 1.12 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

### 1.13 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 1.14 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok árs var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
Evra.....	EUR	133,22	145,89	118,80	140,93
Bandaríkjadollar.....	USD	120,39	131,53	112,55	129,28
Dönsk króna.....	DKK	17,89	19,56	15,98	18,88
Breskt pund.....	GBP	163,41	201,09	138,57	191,59

### 1.15 Áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður FÍA hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Nánari grein er gerð fyrir áhættustýringu sjóðsins í skýringu nr. 8

## SKÝRINGAR

### 2. IÐGJÖLD

#### 2.1 Sérstök aukaframlög

	2016	2015
Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði .....	10.968	11.659
	<u>10.968</u>	<u>11.659</u>

### 3. LÍFEYRIR

#### 3.1 Lífeyrir greinist þannig:

	2016	2015
Ellilífeyrir .....	590.461	563.587
Örorkulífeyrir .....	80.525	96.408
Makalífeyrir .....	95.974	78.950
Barnalífeyrir .....	18.427	18.951
	<u>785.387</u>	<u>757.896</u>
Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða .....	(5.880)	(17.241)
	<u>779.507</u>	<u>740.655</u>

#### 3.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2016	2015
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....	9.938	10.047

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiddu til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldsstofni vegna ársins 2016. Gjaldið lækkaði frá og með 1. janúar 2016 úr 0,13% af iðgjaldsstofni.

#### 3.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2016	2015
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats .....	0	61

### 4. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

#### 4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum geinast þannig:

	2016	2015
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	(745.347)	2.831.674
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla .....	(302.655)	(120.777)
Arður af hlutabréfum .....	292.960	92.062
	<u>(755.042)</u>	<u>2.802.959</u>

## SKÝRINGAR

### 4.2 Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar:

Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok uppgjörsársins.

	2016	2015
Stefnir ÍS 15 .....	(483.622)	1.281.547
Icelandair Group hf .....	(310.708)	294.364
KMS - Global Equity EUR .....	44.221	116.567
Stefnir ÍS 5 .....	(118.952)	576.594
Reitir fasteignafélag hf .....	63.038	112.156
SSgA World IDX EQ-I -USD .....	70.278	1.813
Marel hf. ....	(12.187)	54.110
Össur hf .....	(66.118)	76.300
JPMF Euro Liquidity Fund .....	(966)	(178)
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	8.197	(1.077)
Stefnir - Lausafjársgjöldur II .....	18.997	9.410
Ríkisverðbréfasjóður - Langur .....	9.368	31.490
Jarðvarmi slhf. ....	0	0
JPMorgan Liquidity Fuinds .....	654	0
Sjóvá-Almennar tryggingar hf .....	31.726	8.591
Landsbréf - LEQ verðbréfasjóður .....	(5.611)	29.923
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur .....	8.055	13.454
SRE II slhf .....	(179.300)	59.536
SF V slhf. ....	53.329	16.601
SÍA II slhf. ....	31.285	15.684
Önnur félög og sjóðir .....	92.969	134.789
	<b>(745.347)</b>	<b>2.831.674</b>

### 4.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á gangvirði að undanskyldum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum sem eru metin með áföllnum vöxtum og verðbótum.

	Gangvirðis- munur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2016	Samtals 2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	453.064	0	0	453.064	982.474
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	21.718	0	0	21.718	54.496
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana .....	131.195	0	0	131.195	44.275
Önnur verðbréf .....	140.674	(80.305)	1.868	62.237	212.755
	<b>746.651</b>	<b>(80.305)</b>	<b>1.868</b>	<b>668.214</b>	<b>1.294.000</b>

	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2016	Samtals 2015
Fasteignaveðtryggð skuldabréf .....	154.569	0	(2.872)	151.697	121.918
	<b>154.569</b>	<b>0</b>	<b>(2.872)</b>	<b>151.699</b>	<b>121.920</b>
	<b>901.220</b>	<b>(80.305)</b>	<b>(1.004)</b>	<b>819.913</b>	<b>1.415.920</b>

#### Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

	2016	2015
Niðurfærsla 1.1 .....	124.081	124.198
Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu .....	(56.440)	0
Breyting á niðurfærslu .....	1.004	(117)
Niðurfærsla 31.12 .....	<b>68.645</b>	<b>124.081</b>

## SKÝRINGAR

### 4.4 Fjárfestingargjöld greinast þannig:

	2016	2015
Vörsluþóknun .....	8.093	7.767
Umsýsluþóknun .....	34.086	31.002
Miðlunarþóknunir .....	2.924	1.968
Kostnaður vegna fullnustueigna .....	(323)	447
Annar kostnaður .....	1.338	141
	46.118	41.325

### 4.5 Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu 2016 nam 53,5 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 45,4 milljónum kr. eða 0,07% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 8,1 milljón kr. Umsýsluþóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 34,1 milljón kr. og meðal rekstrarkostnaðar 11,3 milljónir kr. Vörsluþóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalín í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Önnur fjárfestingargjöld voru 3,9 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 46,1 milljón kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 28,1 milljón kr. og rekstrarkostnaður alls 39,4 milljónir kr.

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu 2015 nam 49,1 milljón kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 41,3 milljónum kr. eða 0,07% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 7,8 milljónum kr. Umsýsluþóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 31,0 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 10,3 milljónir kr. Vörsluþóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalín í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Önnur fjárfestingargjöld voru 2,5 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 41,3 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 28,0 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 38,3 milljónir kr.

### 4.6 Áætluð umsýsluþóknun sjóða sem Eftirlaunasjóður FÍA hefur fjárfest í

	2016	2015
Meðalstaða eigna í innlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum .....	6.340.534	6.020.700
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun innlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða .....	115.754	101.055
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins .....	0,37%	0,33%
Meðalstaða eigna í erlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum .....	1.950.024	1.646.616
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun erlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða .....	16.196	18.844
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins .....	0,05%	0,06%

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í á árinu 2016 er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og hins vegar hjá fagfjárfestasjóðum sem eru á lista frá Fjármálaeftirlitinu dags. 24. janúar 2017. Áætlaður kostnaður sjóðanna er umsýsluþóknun þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Umsýslukostnaður sjóðanna er innifalinn í hreinum tekjum (gjöldum) af eignarhlutum í sjóðum og félögum meðal hreinna fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers



## SKÝRINGAR

### 5. REKSTRARKOSTNAÐUR

#### 5.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2016	2015
Laun og launatengd gjöld .....	10.954	10.290
Kostnaður vegna tryggingastærðfræðings .....	2.723	2.748
Lögfræðikostnaður .....	15	5.247
Endurskoðun .....	2.608	2.068
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara .....	8.247	4.552
Húsnæðiskostnaður .....	586	909
Umsýslubókun til Arion banka hf. ....	11.362	10.334
Annar rekstrarkostnaður .....	2.880	2.195
	<u>39.375</u>	<u>38.343</u>

#### 5.2 Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

	2016	2015
Sturla Ómarsson, stjórnarformaður .....	2.839	2.717
Geirþrúður Alfreðsdóttir, stjórnarmaður .....	2.129	2.039
Kristján Egilsson, stjórnarmaður .....	2.129	2.039
Bogi Nils Bogason, stjórnarmaður .....	742	734
Kristín Björg Eysteinsdóttir, stjórnarmaður .....	742	734
Guðlaugur Ingi Sigurðsson, stjórnarmaður .....	87	143
Úlfar Henningsson, stjórnarmaður .....	531	82
Linda Gunnarsdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd .....	0	82
Inga Lára Gylfadóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd .....	148	163
Magnús Brimar Jóhannsson, formaður endurskoðunarnefndar .....	42	102
Þorvaldur Þorsteinsson, í endurskoðunarnefnd .....	273	284
	<u>9.662</u>	<u>9.119</u>

#### 5.3 Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

	2016	2015
Endurskoðun ársreiknings .....	2.608	2.068
	<u>2.608</u>	<u>2.068</u>

#### 5.4 Þóknanir til tryggingastærðfræðings greinast þannig:

	2016	2015
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu .....	1.210	1.077
Önnur þjónusta .....	1.513	1.725
	<u>2.723</u>	<u>2.802</u>

Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

## SKÝRINGAR

### 6. FJÁRFESTINGAR

#### 6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	31.12.2016			31.12.2015		
	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð
<b>Skráð innlend hlutabréf</b>						
Eik fasteignafélag hf .....	0	0,00%	0	44.138	0,16%	43.917
Eimskip Ísland ehf .....	0	0,00%	0	26.141	0,06%	26.529
Hagar hf. ....	44.982	0,07%	37.319	37.318	0,07%	37.319
Iceland Seafood International ehf .....	39.263	0,61%	42.660	0	0,00%	0
Icelandair Group hf .....	587.240	0,51%	302.058	936.565	0,53%	307.473
Marel hf. ....	432.947	0,24%	388.646	315.271	0,17%	258.524
Reitir fasteignafélag hf .....	632.086	0,91%	453.530	299.678	0,47%	183.700
Sjóvá-Almennar tryggingar hf .....	211.882	0,90%	176.903	122.415	0,61%	119.277
Skeljungur hf. ....	149.136	1,05%	152.000	0	0,00%	0
Skipti hf. ....	64.618	0,21%	58.563	74.734	0,21%	58.563
Tryggingamiðstöðin hf. ....	46.309	0,23%	35.782	38.879	0,22%	35.782
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	288.558	1,38%	271.440	211.444	0,96%	203.289
Össur hf .....	303.366	0,18%	178.222	369.484	0,17%	178.222
	<u>2.800.387</u>		<u>2.097.123</u>	<u>2.476.067</u>		<u>1.452.595</u>
<b>Óskráð innlend hlutabréf</b>						
ALDA Credit Fund slhf .....	10.380	0,66%	10.400	51.997	1,95%	51.997
Bakkastakkur slhf .....	51.997	1,95%	51.997	10.000	0,66%	10.400
Edda slhf. ....	58.363	1,80%	48.881	66.093	1,80%	63.057
Eignarh.fél Lífeyrissj. um verðbréfaþing ehf .....	68	0,90%	68	68	0,90%	68
FAST-1 slhf. ....	19.039	0,20%	13.503	19.039	0,20%	13.503
FSÍ Framtakssjóður Íslands GP ehf. ....	56	0,77%	56	56	0,77%	56
Horn II slhf. ....	113.153	1,05%	71.367	86.190	1,05%	71.367
Horn III slhf. ....	80.000	2,00%	80.000	0	0,00%	0
HSV eignarhaldsfélag slhf. ....	65.166	2,35%	71.845	64.300	1,79%	74.000
IEI slhf. ....	46	0,77%	54	52.198	0,77%	61.108
Innviðir fjárfestingar slhf .....	8.000	3,13%	8.000	8.000	3,13%	8.000
Jarðvarmi GP ehf. ....	82	1,58%	80	82	1,58%	80
Jarðvarmi slhf. ....	204.531	1,44%	298.872	204.531	1,44%	298.872
Kjölfesta slhf .....	41.441	1,76%	40.675	33.995	1,76%	39.529
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður slhf. ...	29.368	1,14%	29.368	0	0,00%	0
NB.is sparisjóður .....	22.241	0,39%	30.000	20.986	0,37%	30.000
Sameinað Sílikon hf. ....	22.288	0,40%	22.288	0	0,00%	0
SF V slhf. ....	152.550	0,93%	85.000	99.221	0,93%	85.000
SF VI slhf .....	107.930	1,94%	121.108	100.478	2,02%	100.608
SÍA II GP hf. ....	56	1,40%	56	56	1,40%	56
SÍA II slhf. ....	138.463	1,40%	96.530	107.177	1,40%	96.530
SÍA III slhf. ....	4.241	1,56%	6.226	0	0,00%	0
SRE II GP hf. ....	110	3,05%	126	110	3,05%	126
SRE II slhf .....	33.270	3,05%	12.190	233.902	3,05%	135.982
Stoðir hf .....	13.031	0,06%	7.362	17.375	0,06%	7.362
Veðskuld II slhf .....	121.142	1,28%	114.793	63.774	1,28%	63.774
	<u>1.297.012</u>		<u>1.220.845</u>	<u>1.239.628</u>		<u>1.211.475</u>

## SKÝRINGAR

### 6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh.:

	31.12.2016			31.12.2015		
	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð
<b>Skráð erlend hlutabréf</b>						
BankNordik P/F .....	73.606	0,34%	81.901	77.047	0,34%	81.901
Hlutabréf samtals	4.171.005		3.399.869	3.792.742		2.745.971
<b>Innlend hlutdeildarskírteini</b>						
ALDA Equity Opportunity Fund .....	71.274	3,08%	50.800	81.917	2,74%	50.800
FSÍ Framtakssjóður Íslands slhf.* .....	63.119	0,77%	89.846	154.921	0,77%	208.346
Landsbréf, Fyrirtækjabréf .....	0	0,00%	0	22.863	17,67%	6.529
Landsbanki, Global Equity Fund .....	96.784	3,80%	83.525	111.686	3,48%	83.525
Landsbréf LEQ UCITS ETF .....	186.301	6,11%	194.007	96.608	5,21%	59.456
Landsbanki Currency Fund .....	0	0,00%	0	19	0,85%	17
Landsbanki Mezzanine Fund II .....	18.343	8,70%	33.990	23.355	8,32%	33.990
Landsbanki Private Equity II .....	39.005	1,01%	18.523	64.013	0,99%	42.684
Stefnir - ÍS 5 .....	439.137	3,76%	207.145	558.089	3,57%	207.145
Stefnir - ÍS 15 .....	4.220.104	10,41%	3.109.851	4.093.826	8,67%	2.499.951
Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn I .....	2.455	2,46%	2.178	1.601	2,46%	2.178
Stefnir - Lausafjársgjóður * .....	239.503	0,57%	237.787	199.919	0,80%	192.316
Stefnir - Skuldabréf .....	101.544	5,23%	100.000	0	0,00%	0
Stefnir - Ríkisverðbréfasj. langur .....	119.580	0,90%	96.005	310.214	2,07%	263.178
Stefnir - Ríkisverðbréfasj. millilangur .....	90.025	0,53%	73.244	191.971	1,04%	163.830
	5.687.174		4.296.901	5.911.002		3.813.945
<b>Erlend hlutdeildarskírteini</b>						
JPMorgan Funds - EUR Liquidity Fund .....	309.635	0,02%	357.270	225.413	0,01%	238.450
JPMorgan F Liq. Funds						
- USD Treasury Liq. Fund .....	374.335	0,00%	380.129	224.262	0,00%	230.280
JPMorgan Sterling Gilt						
Liquidity Fund A .....	45.217	0,13%	46.004	0	0,00%	0
Katla Fund Global Value .....	91.746	0,87%	77.163	97.204	1,09%	77.163
Katla Manager Selection						
- Global Equity EUR .....	638.570	5,13%	539.505	704.157	6,06%	539.505
SSgA World IDX EQ-I -USD .....	526.638	0,14%	532.892	223.694	0,06%	225.457
Stryx World Growth-In-USD .....	62.743	0,19%	68.884	42.079	0,15%	44.020
Wellington Global Research Equity .....	147.362	0,50%	152.781	81.458	0,23%	78.190
	2.196.246		2.154.628	1.598.267		1.433.065
Hlutdeildarskírteini samtals .....	7.883.420		6.451.529	7.509.269		5.247.010
Eignarhlutir og sjóðir samtals .....	12.054.425		9.851.398	11.302.011		7.992.981

## SKÝRINGAR

### 6.2 Skuldabréf greinast þannig:

#### a) Skuldabréf á gangvirði greinast þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	9.239.058	10.304.954
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	463.520	586.967
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana .....	2.455.763	1.191.698
Önnur verðbréf .....	2.609.528	2.457.685
	<u>14.767.869</u>	<u>14.541.304</u>

#### b) Útlán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Sjóðfélagar .....	3.764.572	1.931.143
Aðrir aðilar .....	83.022	92.620
Varúðarniðurfærsla .....	(68.645)	(65.773)
	<u>3.778.949</u>	<u>1.957.990</u>
Skuldabréf samtals .....	<u>18.546.818</u>	<u>16.499.294</u>

### 6.3 Aðrar fjárfestingar greinast þannig:

Fullnustueign .....	42.500	0
	<u>42.500</u>	<u>0</u>

### 6.4 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

#### Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:

	31.12.2016	31.12.2015
ISK .....	27.790.913	25.456.410
EUR .....	1.135.214	1.151.507
USD .....	1.575.359	1.092.986
DKK .....	73.606	77.047
GBP .....	68.651	23.355
	<u>30.643.743</u>	<u>27.801.305</u>

#### Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir í íslenskum krónum .....	90,69%	91,57%
Eignir í erlendum gjaldmiðli .....	9,31%	8,43%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

## SKÝRINGAR

### 6.5 Fjárfestingar greinast þannig eftir matsaðferðum:

Fjárfestingar í lok árs 2016	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2016	Gangvirði 31.12.2016
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	12.054.425	0	0	12.054.425	12.054.425
Skuldabréf .....	14.767.869	3.778.949	0	18.546.818	18.546.818
Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði .....	0	0	42.500	42.500	42.500
	<b>26.822.294</b>	<b>3.778.949</b>	<b>42.500</b>	<b>30.643.743</b>	<b>30.643.743</b>

Fjárfestingar í árslok 2015	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2015	Gangvirði 31.12.2015
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	11.302.011	0	0	11.302.011	11.302.011
Skuldabréf .....	14.541.304	1.957.990	0	16.499.294	16.499.294
	<b>25.843.315</b>	<b>1.957.990</b>	<b>0</b>	<b>27.801.305</b>	<b>27.801.305</b>

### 6.6 Þrepaskipting gangvirðis

Eftirlaunasjóur FÍA notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum.
2. þrep: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint.
3. þrep: Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.

Ársfjórðungslega er flokkunin yfirfarin til að meta hvort eignir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

Eignir sem færðar eru á gangvirði greinast þannig eftir þrepum:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2016
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	3.060.292	7.606.269	1.387.864	12.054.425
Skuldabréf .....	11.717.838	2.204.999	845.032	14.767.868
	<b>14.778.130</b>	<b>9.811.268</b>	<b>2.232.895</b>	<b>26.822.293</b>

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2015
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	2.649.722	7.182.304	1.469.985	11.302.011
Skuldabréf .....	11.463.218	2.600.373	477.713	14.541.304
	<b>14.112.940</b>	<b>9.782.677</b>	<b>1.947.698</b>	<b>25.843.315</b>

### Breytingar á eignum í 3. þrepi, færðar á gangvirði.

	2016
Staða í ársbyrjun .....	1.947.698
Keypt á árinu .....	647.585
Selt á árinu og arðgreiðslur .....	(491.890)
Afborganir .....	(58.976)
Flutt úr þrepi 3 í þrep 2 .....	(22.826)
Hrein gangvirðisbreyting .....	260.065
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla .....	(48.761)
Staða í lok árs .....	<b>2.232.895</b>

## 6.7 Húseignir og lóðir

### Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði

#### Húseignir og lóðir:

	Fasteignir		
<b>Árslok 2015</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....			14.942
Afskriftir .....			(693)
Bókfært verð í árslok .....			<u>14.249</u>
<b>Bókfært verð í árslok 2015 greinist þannig:</b>			
Kostnaðarverð .....			18.009
Uppsafnaðar afskriftir .....			(3.760)
Bókfært verð í árslok .....			<u>14.249</u>
<b>Árslok 2016</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....			14.249
Afskriftir .....			(360)
Bókfært verð í árslok .....			<u>13.888</u>
<b>Bókfært verð í árslok 2016 greinist þannig:</b>			
Kostnaðarverð .....			18.009
Uppsafnaðar afskriftir .....			(4.120)
Bókfært verð í árslok .....			<u>13.888</u>
<b>Fasteignir sjóðsins í árslok 2016 voru eftirtaldar:</b>			
	<b>Fasteignamat</b>	<b>Vátryggingamat</b>	<b>Bókfært verð</b>
Hlíðasmári 8 .....	12.360	18.170	13.888

## 7. ÖNNUR MÁL

### 7.1 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding Eftirlaunasjóðs FÍA 47.810,5 milljónum kr. í árslok 2016 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2016 var 49.726,5 milljón kr. eða 1.916,0 milljónum hærri eða sem nemur 4,0%. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu greinist þannig:

#### Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eignir:</b>		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok .....	49.726.503	45.143.240
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun .....	45.143.240	38.412.330
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu .....	4.583.263	6.730.910
<b>Skuldbindingar:</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>31.12.2015</b>
Skuldbindingar í árslok .....	47.810.473	41.724.766
Skuldbindingar í ársbyrjun .....	41.724.766	37.941.508
Hækkun skuldbindinga á árinu .....	6.085.707	3.783.258
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu .....	(1.502.444)	2.947.652

#### Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

	2016	2015
Hækkun áunnina réttinda vegna breytinga á samþykktum .....	24.923.848	23.535.879
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta .....	747.715	0
Hækkun áunnina réttinda vegna iðgjalda ársins .....	1.457.960	1.346.141
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu .....	1.585.750	1.306.365
Hækkun vegna nýrra lífslíknaflna .....	(785.389)	(757.896)
Hækkun vegna nýrra lífslíknaflna .....	456.541	0
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga .....	(561.556)	(506.641)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok .....	27.824.869	24.923.848

Af hálfu Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið kynntar hugmyndir um að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni eins og hefur verið. Breyttar forsendur myndu hækka áfallnar skuldbindingar sjóðsins. Sem mótvægi við hækkun skuldbindinga hafa Landssamtök lífeyrissjóða kynnt hugmyndir um að ellilífeyristökualdur verði hækkaður um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og 1 mánuði á ári næstu 12 ár þar á eftir. Þannig yrði ellilífeyristökualdur hækkaður í litlum skrefum um þrjú ár næstu 24 árin. Markmið þessara mótvægisáðgerða væri fyrst og fremst að draga úr hækkun skuldbindinga vegna hækkandi meðalævi. Talið er eðlilegt að samfara hækkun á meðalævi hækki ellilífeyristökualdur þannig að greiðslutími ellilífeyris verði svipaður að lengd hjá öllum árgöngum. Þar sem þessi leið er ekki fær fyrir sjóðfélaga Eftirlaunasjóðs FÍA þarf að skoða sértæka lausn fyrir sjóðinn.

### 7.2 Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Krafa sjóðsins vegna þessa er 33.383 þús. kr. í árslok 2016.

	2015
Örorkubótasamkomulag vegna 2016 - Áætlað .....	5.880
Örorkubótasamkomulag vegna 2015 - Áætlað .....	16.991
Örorkubótasamkomulag vegna 2014 .....	10.469
Örorkubótasamkomulag vegna 2012 - óinnheimt að hluta .....	43
	<b>33.383</b>

## SKÝRINGAR

### 7.3 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	31.12.2016	31.12.2015
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok .....	2.581.787	2.129.548
Heildarfjárfestingar .....	(1.897.171)	(1.555.999)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum .....	684.615	566.598

## 8. ÁHÆTTUÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

### 8.1 Áhættustýring

Áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins er skilgreind sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar því að lífeyrisréttindi sjóðfélaga skerðist. Áhætta nær til atvika sem lúta að eignum, skuldbindingum og daglegum rekstri sjóðsins. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er meðal annars að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Í samræmi við það hlutverk hefur stjórn sjóðsins mótað áhættustefnu sem byggir á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða.

Í áhættustefnunni er greint frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildar áhættustýringu sjóðsins. Áhættustefnunni er ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Áhættustefna er sett til þriggja ára í senn og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Stjórn hefur falið framkvæmdastjóra að framfylgja stefnunni.

Hér verður greint frá helstu áhættuþáttum sem felast í starfsemi sjóðsins.

### 8.2 Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á verði fjármálagerna, svo sem vegna breytinga á ávöxtunarkröfu skuldabréfa eða gengi hlutabréfa og erlendra gjaldmiðla. Fjárhagsleg áhætta er sundurgreind í vaxta-, markaðs-, gjaldmiðla- og verðbólguáhættu.

#### a) Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna hækkunar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa. Hækkun ávöxtunarkröfu gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru gerðar upp miðað við fasta ávöxtunarkröfu. Áhættan er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhættu með því að breyta meðallíftíma skuldabréfasafns sjóðsins – en meðallíftími er mælikvarði á næmni skuldabréfa fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu – og með því að breyta vægi skuldabréfasafnsins af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um meðallíftíma skuldabréfasafns og takmarkanir á vægi eignaflokka, þar með talið skuldabréfa. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á vaxtaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
100 pt hækkun verðtryggðra vaxta .....	-3,65%	-3,72%
200 pt hækkun óverðtryggðra vaxta .....	-0,12%	-0,36%



## SKÝRINGAR

### b) Markaðsáætta

Markaðsáætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna lækkunar á hlutabréfum, þar með talið hlutabréfaeign í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Áhættan er mæld með álagsprófum sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar lækkunar hlutabréfa á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir markaðsáætta með því að breyta vægi hlutabréfa af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem takmarkanir eru settar á vægi eignaflokka, þar með talið hlutabréfa og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á markaðsáætta og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
30% lækkun innlendra hlutabréfa .....	-8,35%	-8,34%
20% lækkun erlendra hlutabréfa .....	-1,17%	-0,89%

### c) Gjaldmiðlaáætta

Gjaldmiðlaáætta er hættan á því að styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum rýri verðmæti erlendra eigna mælt í íslenskum krónum. Styrking krónunnar gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru í íslenskum krónum. Gjalddeyrisáætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarðinn segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verð meira. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á gjaldmiðlaáætta og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Áhættumælikvarði	31.12.2016	31.12.2015
1 mán. fé í húfi m.v. 99,5% öryggisbil .....	-0,44%	-0,23%

### d) Verðbólguáætta

Verðbólguáætta er hættan á því að verðbólga valdi misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins. Slíkt misvægi getur myndast þar sem lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar en eignir einungis að hluta. Verðbólguáætta sjóðsins er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar verðbólgu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir verðbólguáætta með því að breyta vægi verðtryggðra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á verðbólguáætta með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
10% hækkun vísitölu neysluverðs .....	5,39%	4,79%

## 8.3 Mótaðilaáætta

Mótaðilaáætta er hættan á því að útgefandi fjármálagernings standi ekki við skuldbindingar sínar. Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáætta er mæld með því að sundurgreina verðbréf sjóðsins með föstum tekjum eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáætta með takmörkunum á vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefenda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á mótaðilaáætta og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Tegund skuldabréfaútgefenda	31.12.2016	31.12.2015
Ríki .....	49,60%	62,20%
Fjármálafyrirtæki .....	13,20%	7,20%
þar af sértryggð skuldabréf .....	9,60%	4,00%
Sveitarfélög .....	2,50%	3,50%
Fyrirtæki .....	14,00%	14,80%
Sjóðfélagalán .....	20,70%	12,20%

## 8.4 Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hættan á því að sjóðurinn þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga sinna. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997. Tryggingafræðileg athugun felur í sér samanburð á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðar iðgjalda og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Hið sama gildir ef munur helst meiri en 5% samfellt í fimm ár. Áhættan er mæld með álagsprófi þar sem metin eru áhrif ýmissa sviðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn stýrir lífeyrstryggingaráhættu með fjárfestingar- og áhættustefnu sem settar eru með það markmið að sjóðurinn nái markmiði sínu að geta staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á helstu áhættuþáttum sem geta haft áhrif á getu til að standa við skuldbindingar sínar með skýrslugjöf.

Tryggingafræðileg staða eftir álagspróf	31.12.2016	31.12.2015
Núvirðisvextir í tryggingafræðilegri úttekt lækkaðir um 0,5% .....	-4,9%	-0,8%
Líftöflur hliðrast um 2 ár .....	-1,3%	2,7%
Örorkulíkur auknar um 10% .....	3,3%	7,3%
VNV hækkun ársins aukin um 0,5% .....	3,9%	7,9%
GVT lækkar um 10% .....	3,4%	7,5%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10% .....	3,2%	7,6%
Innlend/erlend markaðsskuldbréf lækka um 10% .....	0,8%	4,5%
Erlend hlutabréf lækka um 10% .....	3,7%	7,8%
Innlend hlutabréf lækka um 10% .....	2,1%	6,0%

## 8.5 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að sjóðurinn hafi ekki nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla, t.d. lífeyrisgreiðslur, uppgjör verðbrefaviðskipta og greiðslur vegna reksturs á sjóðnum. Áhættan er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjánhættu með því að greina vænt greiðsluflæði og varðveita nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjánhættu með skýrslugjöf.

Seljanleikaflokkun	31.12.2016	31.12.2015
Flokkur 1.....	67,30%	75,10%
Flokkur 2.....	12,10%	10,80%
Flokkur 3.....	20,60%	14,10%

## 8.6 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi innri verkferla, starfsmanna, upplýsingatæknikerfa eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða. Sjóðurinn stýrir rekstraráhættu með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna ásamt öðrum innri reglum. Sjóðurinn framkvæmir árlega mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþátta.

## KENNITÖLUR

### Fimm ára yfirlit

	2016	2015	2014	2013	2012
<b>Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt</b>					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	4,01%	8,19%	1,22%	0,94%	(6,92%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	6,63%	15,31%	3,52%	2,50%	(10,62%)

### Hrein raunávöxtun

Hrein raunávöxtun.....	(1,85%)	14,04%	4,42%	6,54%	4,75%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár *.....	5,46%	6,35%	4,55%	3,84%	(3,46%)
síðustu 10 ár *.....	0,59%	1,63%	1,02%	1,17%	1,51%

\* Ávöxtunartölur hafa ekki verið endurreiknaðar vegna árána 2003-2011 með ttt. mismunar á markaðsvirði verðbréfa og virði þeirra mv. kaupkröfu.

### Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Skráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	17,15%	15,28%	11,33%	10,05%	13,74%
Skráð skuldabréf %.....	45,67%	50,00%	47,73%	49,13%	38,02%
Óskráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	22,18%	25,37%	23,09%	23,08%	25,88%
Óskráð skuldabréf %.....	2,53%	2,31%	2,38%	0,81%	1,87%
Veðlán.....	12,33%	7,04%	8,65%	9,75%	12,37%
Bundnar bankainnstæður.....	0,00%	0,00%	6,75%	7,17%	8,12%
Aðrar fjárfestingar.....	0,14%	0,00%	0,07%	0,00%	0,00%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

### Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	90,69%	91,57%	92,32%	92,67%	93,26%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	9,31%	8,43%	7,68%	7,33%	6,74%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

### Fjöldi

Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga .....	642	623	572	576	585
Fjöldi sjóðfélaga í árslok.....	970	919	877	826	809
Meðalfjöldi lífeyrisþega.....	185	178	169	160	152
Fjöldi lífeyrisþega .....	196	185	181	172	163

### Hlutfallsleg skipting lífeyris:

Ellilífeyrir.....	75,18%	74,36%	74,76%	77,32%	78,74%
Örorkulífeyrir.....	10,25%	12,72%	13,66%	11,38%	9,12%
Makalífeyrir.....	12,22%	10,42%	9,28%	9,18%	10,03%
Barnalífeyrir.....	2,35%	2,50%	2,30%	2,12%	2,11%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

## KENNITÖLUR

---

	2016	2015	2014	2013	2012
<b>Fjárhæðir á föstu verðlagi</b>					
Iðgjöld alls.....	1.597	1.346	1.189	1.119	1.151
Lífeyrir alls.....	789	766	763	789	805
Hreinar fjárfestingartekjur.....	104	4.397	1.427	2.418	2.053
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	39	39	34	35	31
Hækkun/lækkun á hreinni eign .....	873	4.938	1.819	2.713	2.368
<b>Aðrar kennitölur</b>					
Lífeyrisbyrði.....	49,4%	57,0%	64,1%	70,5%	69,9%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum.....	2,5%	2,9%	2,9%	3,1%	2,7%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.....	0,3%	15,3%	5,6%	10,5%	9,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.....	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%

# FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA 2017 - ÚTDRÁTTUR

## FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að móta skuli fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Samkvæmt 37. gr. laganna skulu lífeyrissjóðir senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Eignir Eftirlaunasjóðs FÍA skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, samþykktum Eftirlaunasjóðs FÍA og samkvæmt reglugerð Fjármálaráðuneytisins.

## FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA

Skipting verðbréfaeignar Eftirlaunasjóðs FÍA skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins.

FLOKKAR VERÐBRÉFA	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5%	0-20%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	30%	20-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	0-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	7%	0-20%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10%	0-30%
Hlutabréf	33%	0-50%
Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5%	0-10%
Önnur verðbréf	8%	0-30%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0-1%
<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
<b>Hlutabréf</b>	<b>33%</b>	<b>0-50%</b>
Skráð innlend hlutabréf	20%	0-40%
Óskráð innlend hlutabréf	4%	0-15%
Erlend hlutabréf	9%	0-25%

Tafla 2. Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
<b>Önnur verðbréf</b>	<b>8%</b>	<b>0-30%</b>
Skuldabréf fyrirtækja	4%	0-15%
Erlend skuldabréf	2%	0-10%
Annað	2%	0-15%

Tafla 3. Önnur verðbréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

# STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

## GRUNDVÖLLUR SJÓÐSINS OG HLUTVERK

Eftirlaunasjóður FÍA starfar í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Stjórnarhættir eru markaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum sjóðsins og áður nefndum lögum og reglugerðum. Stjórn hefur sett ýmsar reglur um starfsemina, starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar, samþykktir sjóðsins, samskipta og siðareglur og greining á hagsmunaaðrekstrum eru aðgengilegar sjóðfélögum á heimasíðu sjóðsins. Þar má jafnframt nálgast reglur sjóðsins um aðgerðir gegn peningabætti, útvistunarstefnu og verklagsreglur um verðbréfiðskipti EFÍA.

Vald ársfundar í málefnum sjóðsins fer samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greiða eða eiga geymd réttindi vegna iðgjaldagreiðslna í 2 ár og fer hver með eitt atkvæði.

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

## STJÓRN, UNDIRNEFNIR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins. Stjórn mótir fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættustefnu og setur sér starfsáætlun. Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum sjóðsins.

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA skipa fimm stjórnarmenn, 3 tilnefndir af stjórn FÍA og 2 af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Jafnframt eru skipaðir jafn margir varamenn af beggja hálfu. Kjörtímabil stjórnarmanna er fram að næsta aðalfundi. Gæta skal ákvæða um kynjahlutföll við skipun stjórnar. Stjórnarformaður er Sturla Ómarsson flugstjóri. Hann hefur átt sæti í stjórn EFÍA frá árinu 2010 fyrst sem meðstjórnandi en formaður stjórnar frá árinu 2013. Meðstjórnendur eru Geirþrúður Alfreðsdóttir flugstjóri en hún tók sæti í stjórn 2013, Kristján Egilsson fv. flugstjóri tók sæti í stjórn í lok árs 2009, Bogi Nils Bogason fjármálastjóri Icelandair Group hefur setið í stjórn sjóðsins frá árinu 2011 og Kristín Björg Eysteinsdóttir deildarstjóri í lögfræðideild Icelandair Group frá árinu 2013. Varamenn eru Úlfar Henningsson, Inga Lára Gylfadóttir og Guðlaugur Sigurðsson, tilnefnd af FÍA. Íris Hulda Þórisdóttir og Hlynur Elíasson tilnefnd af atvinnurekendum. Í lok ársins 2016 féll Kristján Egilsson flugstjóri frá í kjölfar snarpra og erfiðra veikinda. Úlfar Henningsson varamaður tók við í hans stað. Formlegir stjórnarfundir voru 13 á árinu 2016, stjórn var í öllum tilfellum ákvörðunarbær.

Endurskoðunarnefnd leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga lífeyrissjóðsins. Hlutverk hennar m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins og áhættustýringu hans, eftirlit með endurskoðun ársreikninga ásamt eftirliti með öðrum störfum endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd setur jafnframt fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og metur óhæði hans. Endurskoðunarnefnd fylgir eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram við innri og ytri endurskoðun. Endurskoðunarnefndin fundar að lágmarki tvisvar sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar. Endurskoðunarnefnd var skipuð af stjórn þann 27.05.2016 í henni sitja Inga Lára Gylfadóttir, Magnús Brimar Jóhannesson og Þorvaldur Þorsteinsson

Lánanefnd Eftirlaunasjóðs FÍA er skipuð af stjórn og stjórn setur henni starfsreglur. Í lánanefnd sitja Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, Jóhanna Sigurjónsdóttir sérfræðingur viðskiptabankasviðs Arion banka og Haraldur Yngvi Pétursson sjóðstjóri eignastýringar Arion banka. Lánanefnd starfar innan þeirra heimilda sem stjórn hefur sett henni með starfsreglum, lánareglum sjóðsins og þeirra laga sem gilda um neytendalán.

# STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

## STJÓRN, UNDIRNEFNDIR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI, frh.

Framkvæmdastjóri sjóðsins frá 1. júlí 2015 er Snædís Ögn Flosadóttir. Snædís er með B.S í verkfræði frá Háskóla Íslands og próf í verðbréfavíðskiptum og býr að víðtækri reynslu innan eignastýringar við rekstur lífeyrissjóða og hefur hún m.a komið að rekstri Eftirlaunasjóðs FÍA frá því hann flutti rekstur sinn til Arion banka árið 2012. Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og ber hann ábyrgð gagnvart stjórn á því að sjóðurinn starfi eftir þeim lögum og reglum sem um hann gilda. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og í samræmi við lög 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar í samræmi við starfsreglur framkvæmdastjóra. Hann ber ábyrgð á því að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og reglur, að fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sem stjórn hefur sett sé framfylgt og skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt. Ber hann jafnframt ábyrgð á því gagnvart stjórn að heildaráhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Framkvæmdastjóri heldur utan um verksvið, ábyrgðir og heimildir starfsmanna og tryggir að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit og fylgist með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirkt.

## INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA skjalfestir innra eftirlit sjóðsins árlega og setur jafnframt fram áhættustefnu þar sem greint er frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu sjóðsins í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2013 um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Áhættustefnan er sett til þriggja ára og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásettanleg mörk. Áhættustýring Arion banka fylgist með því að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins og innan þeirra vikmarka sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Áhættustýring gerir ársfjórðungslega skýrslu um fjárhagslega áhættuþætti er snúa að sjóðnum sem lögð er fyrir stjórn. Árlega hefur áhættustýring umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti.

Innri endurskoðun er í höndum innri endurskoðanda Arion banka. Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi sjóðsins. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Innri endurskoðun leggur jafnframt mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda, hvort heildaráhættustýring og innra eftirlit virki eins og til er ætlast. Stjórn sjóðsins er gerð grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar með skýrslugjöf.

Ytri endurskoðun er framkvæmd af löggiltum endurskoðanda PriceWaterhouseCooper sem starfar ekki í þágu lífeyrissjóðsins að öðru en endurskoðun og innra eftirliti. Markmið ytri endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um starfsemina, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi lífeyrissjóðs.

Regluvörður leggur árlega fyrir stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um eftirlit með verðbréfavíðskiptum starfsmanna. Þá hefur stjórn sjóðsins tilnefnt regluvörð Arion banka sem ábyrgðarmann aðgerða lífeyrissjóðsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Skal regluvörður veita stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um framkvæmd reglna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eigi sjaldnar en árlega.

Víða í regluverki lífeyrissjóðsins er að finna ákvæði þar sem tekið er á hagsmunaaárekstrum, s.s í starfsreglum stjórnar, í starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra og í verklagsreglum um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Þá eru til staðar hjá rekstraraðila reglur er varða hagsmunaaárekstra og starfsmönnum rekstraraðila sem stafa fyrir sjóðinn ber að fylgja.

## ÚTREIKNINGUR KENNITALNA

2016

### Tryggingadeild

Fjárfestingartekjur nettó (þ.e. fjárfestingartekjur - fjárfestingargjöld) .....	F	103.535
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (þ.e. rekstrarkostnaður) .....	K	39.375
Hrein eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun .....	A	30.713.032
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok .....	B	31.584.465

$$i = 2(F-K)/(A+B-(F-K))$$

i = nafnávöxtun = .....		0,21%
-------------------------	--	-------

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2016 .....		429,4
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2017 .....		438,4
j = breyting á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar = .....		2,1%

$$r = ((1+i)/(1+j))-1$$

r = hrein raunávöxtun = .....		-1,85%
-------------------------------	--	--------

Hrein raunávöxtun .....	2015	14,04%
Hrein raunávöxtun .....	2014	4,42%
Hrein raunávöxtun .....	2013	6,54%
Hrein raunávöxtun .....	2012	4,75%
Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....		5,46%